

# HAGNÝT ATFERLISGREINING

hi.is/hagnyt\_atferlisgreining



## Nýtt framhaldsnám með áherslu á starfsþjálfun

Nám í hagnýtri atferlisgreiningu er skipulagt sameiginlega af Deild heilsueflingar, ípróttta og tómstunda á Menntavísindasviði og Sálfræðideild á Heilbrigðisvísindasviði. Boðið er upp á 120 eininga meistaranám og 60 eininga diplómanám.

### Hvað er hagnýt atferlisgreining?

Hagnýt atferlisgreining er vísindagrein sem fjallar um hegðun og samspil hennar við umhverfið og um það hvernig hegðun lærist. Viðfangsefni hennar eru grunnlögmál hegðunar og hvernig hægt er að beita þeim á markvissan hátt til að hafa jákvæð áhrif á nám og hegðun. Notaðar eru gagnreyndar aðferðir og áhersla lögð á að meta og mæla árangur af kennslu eða íhlutun.

### Af hverju að velja nám í hagnýtri atferlisgreiningu?

Markmiðið er að mennta fagfólk með sérþekkingu og færni til að beita atferlisgreiningu á árangursríkan hátt í starfi. Megináhersla er lögð á að veita nemendum hagnýta þekkingu og starfsþjálfun sem býr þá undir störf með fjölbreyttum hópum

og einstaklingum, þar á meðal börnum með hegðunarerfiðleika, námserfiðleika, einhverfu og/eða þroskafrávik. Að námi loknu munu nemendur meðal annars hafa góða þekkingu á hugmyndafræði og aðferðum atferlisgreiningar til að starfa bæði sjálfstætt og í samstarfi við aðra fagaðila.

### Fyrir hvern er námið?

Námið er ætlað áhugasömum nemendum sem eru með grunnháskólagráðu í sálfræði eða á sviði menntunar-, uppeldis- eða kennslufræði. Í náminu eru kenndar lausnamiðaðar og árangursríkar aðferðir sem stuðla að bættri hegðun, líðan og námsframvindu hjá fjölbreyttum hópi. Nemendur læra markvissar og áhrifaríkar leiðir til að mæla og meta, fyrirbyggja og leysa ýmiskonar vanda sem tengist námi, hegðun og aðlögun.



HÁSKÓLI ÍSLANDS



## Námsleiðir í boði

Námið er fjölbreytt og samanstendur af námskeiðum, hagnýtum verkefnum og starfsþjálfun. Meistaránámið felur einnig í sér lokaverkefni á vettvangi þar sem unnið verður að því að bæta hegðun, námsframvindu eða líðan. Námskeiðin veita góða undirstöðu í kenningarlegum grunni og aðferðum atferlisgreiningar, en fela einnig í sér sérhæfðan undirbúning til að mæta þörfum barna með einhverfu og/eða náms- eða hegðunarerfiðleika. Nemendur fá tækifæri til að vinna hagnýt verkefni og víðtæka starfsþjálfun á vettvangi undir handleiðslu sérfræðinga.

**Meistaránám:** Boðið er upp á hagnýtt meistaránám til 120 eininga í tvö ár. Uppbygging námsins tekur mið af alþjóðlegum viðmiðum um nám í hagnýtri atferlisgreiningu. Nemendur vinna lokaverkefni á vettvangi þar sem markmiðið er að bæta hegðun eða námsframvindu barna. Námið veitir aðgang að doktorsnámi. Nánari upplýsingar á [www.hi.is/hagnyt\\_atferlisgreining](http://www.hi.is/hagnyt_atferlisgreining)

**Umsóknarfrestur í meistaránám er til 15. apríl**

**Viðbótardiplóma:** Boðið er upp 60 eininga diplómanám á meistarastigi í eitt ár. Diplómanám er góður valkostur fyrir fagfólk á sviði uppeldis, kennslu eða frístundastarfs sem vill auka færni sína í starfi og hentar til að mynda vel fyrir kennara sem sækja um námsleyfi. Nánari upplýsingar á [www.hi.is/hagnyt\\_atferlisgreining\\_diploma](http://www.hi.is/hagnyt_atferlisgreining_diploma)

**Umsóknarfrestur í viðbótardiplómanám er til 5. júní.**

## Starfsmöguleikar

Nám í hagnýtri atferlisgreiningu býður upp á fjölbreytta starfsmöguleika að námi loknu. Fagfólk með þekkingu á faginu getur beitt henni á margvíslegum vettvangi, til dæmis við kennslu, sérkennslu, ráðgjöf og stjórnun. Þekking í hagnýtri atferlisgreiningu nýtist alls staðar þar sem unnið er með fólki.

## Inntökuskilyrði

Skilyrði til inngöngu í meistaránám og diplómanám í hagnýtri atferlisgreiningu er að hafa lokið grunnháskólagráðu sem nýtist í náminu, t.d. í sálfræði eða á sviði menntunar-, uppeldis- eða kennslufræða. Umsóknir fólks með annars konar grunnpróf verða skoðaðar með tilliti til starfssviðs viðkomandi. Fjöldatakmörkun er í námið.

**Sótt er um nám á [hi.is](http://hi.is)**